

Textar



HARMÓNÍU KÓRINN

Árbæjarkirkja – 10. des. 2024

Útg. 4 – Tónleikaröð

Frá ljósanna hásal

Frá ljósanna hásal ljúfar stjörnur stara
og stafa um næturhúmið geisla krans.
Fylkingar engla létt um loftið fara
og ljúfir söngvar hljóma
um lífsins helgidóma,
um eilíft, heilagt alveldi kærleikans.

Ó, heilaga stjarna, rjúf þú voðans veldi
og varðaðu jarðarbarnsins myrka stig.
Ljósanna faðir, lát á helgu kveldi
hvert fávíst hjarta finna
til friðar barna þinna,
gef föllnum heimi náð til að nálgast þig.

Jens Hermannsson

Grýlukvæði

S:

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum.

Kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

TAB:

Það á að gefa, gefa. Það á að gefa, gefa.

Það á að gefa, gefa börnum, börnum brauð
að bíta, bíta í á jólunum, jólunum

Kerta, kertaljós og klæðin, klæðin rauð
svo komist, komist þau úr bólunum, bólunum.

Væna, væna flís af feitum, feitum sauð
sem fjalla, fjalla gekk á hólunum, hólunum.

Nú er hún gamla, gamla Grýla, Grýla dauð,
gafst hún, gafst hún upp á rólunum, rólunum.

Ókunnur

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að, sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér lítil börn í desember,
inni' í friði' og ró, úti' í frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi' á lofti, inni' í skáp eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn kemst hann ekki' í bæinn inn,
inn í frið og ró, inn úr frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt, stafa geislum björtum.
Norðurljósin loga skær, leika' á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér hýr og glöð í desember,
þó að feyki snjó þá í friði' og ró
við höldum heilög jólin,
heilög blessuð jólin.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Opin standa himins hlið

Opin standa himinshlið
í helgum dýrðarljóma.
Loftin öll þau óma við,
þar englatungur hljóma.
Gloria. Hosanna in excelsis.

Allt sem lifir, undurblítt
í auðmýkt Drottni syngi.
Ótal raddir ómi þýtt
og allar klukkur hringi.
Gloria. Hosanna in excelsis.

Héðan látum hljóma dátt,
til himins lofgjörð sanna.
Guð, sem gefur frið og sátt,
nú gistir jörðu manna.
Gloria. Hosanna in excelsis.

Sigurður Pálsson

Um stjörnubjarta nótt

SA:

Um stjörnubjarta nótt er stafar skugga' á jörð
þá standa náð og gæska um mig vörð,
um svo bjarta nótt, um bjarta nótt.

Hið forna ár er á brott, allt er heilt allt er gott,
á jörðu sumar sælt, og í sál.

Um stjörnubjarta nótt, um stjörnubjarta,
(bjarta nótt), um stjörnubjarta nótt.

Ég stari' (í undrun, er ég geng) og græt,
á geisla, skugga' og skin.

Um stjörnubjarta nótt, (um bjarta nótt), um svo bjarta nótt,
um bjarta nótt, um stjörnubjarta nótt.

TB:

Um stjörnubjarta nótt er stafar skugga' á jörð
þá standa náð og gæska um mig vörð,
um svo bjarta nótt, um bjarta nótt.

Um stjörnubjarta nótt, um stjörnubjarta nótt
(um stjörnubjarta nótt) um bjarta nótt

Hið forna ár er á brott, allt er heilt allt er gott,
á jörðu sumar sælt, og í sál.

Um stjörnubjarta nótt, um stjörnubjarta,
(bjarta nótt), um stjörnubjarta nótt.

Ég stari' (í undrun, er ég geng) og græt,
á geisla, skugga' og skin.

T: Um stjörnubjarta nótt, um svo bjarta nótt,
um bjarta nótt, um stjörnubjarta nótt.

B: Um stjörnubjarta nótt er stafar skugga' á jörð,
þá standa náð og gæska um mig vörð,
um svo bjarta nótt, um bjarta nótt, um stjörnubjarta nótt.

Frost er og snær

Frost er og snær og fannhvít jörðin sefur,
fögur og skær ein stjarna birtu gefur,
lambins að jötu lýsir hún götu.
Ljóminn hennar fagur er sem bjartur dagur.

"Friður á jörðu" englasveitir sungu,
sannleik þann gjörðu kunnan hverri tungu.
Barnið að líta fjármenn sér flýta,
fyllir sérhvert hjarta tilhlökkunin bjarta.

Kvöldstjarnan glóir glatt á lofti heiðu.
Geislaregn flóir vítt um löndin breiðu.
Konunga þriggja leiðir hér liggja
lotningu með djúpa jötubarni krjúpa.

Sverrir Pálsson

Himinganga

Við svífum upp í geim, við ferðumst gegnum mánanótt,
og ofar öllum þeim sem sofa vært og rótt.
Ég held mér afar fast í gegnum myrkrið næturblátt
Ég finn að flogið get með þér svo himinhátt.

Aaaaaaa

Jörðin líður hjá. Framhjá fjúka borg og bær
og skógivaxið gil og lækur silfurtær.
Börnin stara opinmynnt næturhimin á.
Enginn slíka furðusjón þar áður sá.
Við syndum gegnum geim, við ferðumst gegnum frosin ský
og fjallstindar á jörðu seilast okkur í

Aaaaaa Aaaaaa

Börnin stara opinmynnt næturhimin á.
Enginn slíka furðu sjón þar áður sá.
Við svífum upp í geim, við dönsum gegnum myrkrið hlýtt,
og þeir sem okkur sjá, þeir heilsa okkur blítt.

|:Við svífum upp í geim:|

Karl O. Olgeirsson

Í dag er fæddur frelsarinn

Í dag er fæddur frelsarinn, Drottinn vor;
leiðir oss til ljóssins inn, Drottinn vor.
Drottinn vor hann frelsar alla oss,
hann frelsar alla oss.

Í kaldri jötu lágt hann lá, Drottinn vor;
ríki hans er himnum á, Drottinn vor.
Drottinn vor hann frelsar alla oss,
hann frelsar alla oss.

Frelsarinn ljúfur leiddi' oss inn, Drottinn vor;
lífsins til í himininn, Drottinn vor.
Drottinn vor hann frelsar alla oss,
hann frelsar alla oss.

Höf. ókunnur

Klukknanna köll

Klukknanna köll, klingja í höll,
koti og kró, komin er ró.
Jólunum á, Jesús er þá,
veraldar von, víst er Guðs son.
Ding, dong, ding, dong, ding, dong, ding, dong,
Bjöllunnar spil, berst okkur til.

Heyra má þá, himnum í frá,
engilsins orð um alla storð.
Orðið Guðs eitt, öllu fær breytt,
Gleði oss ljær, Guðs sonur kær.
Syngur hver þjóð, sálma og ljóð,
Gjörvöll um ból, gleðileg jól.

Bráðum koma blíð og blessuð jólin.
Bráðum fer að hækka blessuð sólin.
(Bjöllunnar spil, berst okkur tí)
Syngjum því nú sæl í guðs trú,
Gleðileg jól, Gleðileg jól.

Gunnlaugur V. Snævarr

Einu sinn í ættborg Davíðs

Einu sinni' í ættborg Davíðs
ofur hrörlegt fjárhús var,
fátæk móðir litverp lagði
lítið barn í jötu þar,
móðir sú var meýja hrein,
mjúkhent reifum vafði svein.

Kom frá hæðum hingað niður
hann, sem Guð og Drottinn er,
jatan varð hans vaggan fyrsta,
vesælt skýli kaus hann sér.
Snauðra gekk hann meðal manna,
myrkrið þekkti' ei ljósið sanna.

Ei á jörðu' í jötu lágri
jólabarnið sjáum þá.
Við Guðs hægri hönd hann situr,
hann þar fáum vér að sjá
er við stól Guðs standa glöð
stjörnum lík hans börn í röð.

Friðrik Friðriksson

Dansaðu vindur

1

Kuldinn, hann kemur um jólin
með kolsvarta skugga,
krakkarnir kúra í skjóli
hjá kerti í glugga.

2, 4

Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.
Vindur, já dansaðu vindur,
vertu á sveimi' um kalda jólanótt.

3

Núna nístir í snjónum
um nóttina svörtu
nærast á takti og tónum
titrandi hjörtu.

5, 7, 8

Vindur, já, dansaðu vindur.
Að vetri fá börn að finna húsaskjól.
Vindur, já, dansaðu vindur!
Veturinn færir börnum heilög jól.

6

Úti fær vindur að valda,
voldugum tónum, já tónum.
Núna nötrar af kulda
nóttin í snjónum, í snjónum.

Kristján Hreinsson

Jólin eru okkar

Jólin eru kertaljós og knús,
kanilangan, pikarkökuhús.
Jólin eru minningin um það
sem einhvern tímann fann sinn hjartastað, og settist að.

Jólin eru gleði og glæný bók,
gömul mynd sem einhver forðum tók.
Jólin eru endurtekningin,
þau eru barnsleg eftirvæntingin, í sérhvert sinn.

Jólin eru okkar og allt sem fylgir þeim,
dyr inn í töfraheim.
Jólin eru okkar og hvernig sem allt fer
ég óska mér að eyða þeim með þér.

Jólin eru ljúfsár leyndarmál,
lagnætti og mandarínuskál.
Jólin eru tími fyrir blund
af löngu tímabærum endurfund, við liðna stund.

Jólin eru máðar minningar
sem mildilega fegra allt sem var.
Jólin eru sáttmáli um frið
sem við gerum allan heiminn við, hlið við hlið.

Jólin eru okkar og allt sem fylgir þeim,
dyr inn í töfraheim.
Jólin eru okkar og hvernig sem allt fer
Ég óska mér að eyða þeim með þér.

Aðeins lengur áfram um stund

Þau áleiðis feta að fjárhússins jötu
aðeins lengur áfram um stund
og asninn þar röltir allgreitt sína götu
aðeins lengur áfram um stund.
Ó, María' og Jósep, barn fæðast mun fljótt.
Kom, syng hallelúja á jólanótt
aðeins lengur áfram um stund.

Og hirðarnir koma og klukkum þeir hringja
aðeins lengur áfram um stund,
þeir hjarðar þar gæta og Guðs englar syngja
aðeins lengur áfram um stund.
Ó, María' og Jósep, barn fætt var þar fljótt.
(Kom,) syng hallelúja á jólanótt
aðeins lengur áfram um stund.

Þar koma þá vitringar konungs að leita
aðeins lengur áfram um stund
og líta þar barnið og lotning því veita
aðeins lengur áfram um stund.
Ó, María' og Jósep, barn fætt var þar fljótt.
(Kom,) syng hallelúja, (Kom,) syng hallelúja á jólanótt
aðeins lengur áfram um stund.

Dennis Scott / Kristín Jóhannesdóttir

Fögur er foldin

Fögur er foldin,
heiður er guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng er aldrei þver:
Friður á foldu
fagna þú maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson

